

*Ársskýrsla um skólahald 2003
Framkvæmd skólasamnings*

&

Ársáætlun 2004

ásamt fylgiskjöllum

Efnisyfirlit

Ársskýrsla um skólahald árið 2003.....	3
- Skólastarf ársins 2003	3
- Námsframboð og nýjungar	3
- Brautskráningar og kennslumagn	4
- Heimavist og mötuneyti	5
- Starfsmannahald	5
- Sjálfsmat, stefnumótun og námskrárvinna	6
- Þróunar- og samstarfsverkefni	6
- Félagslíf og forvarnir	7
- Fjárhagur skólans	7
- Um horfur ársins 2004	7
Fjárförf ársins 2004.....	9
Greinargerð með ársáætlun.....	9
Nýjungar og kostnaðarauki á árinu 2004	9
Fylgiskjöl:	
1) Ársuppgjör	
2) Rekstraráætlun	
3) Innritaðir nemendur	
5) Innritun og útskrift eftir brautum	
6) Nemendur ársins eftir prófuðum einingafjölda	
7) Stofur, kennslurýni eftir auðkennum	



Menntaskólinn á Ísafirði
Torfnesi – 400 Ísafirði
s: 4504400 – bréfas: 4504419
netfang: mi@fvi.is

Ársskýrsla um skólahlald árið 2003 – framkvæmd skóla- sannings.

Skólastarf ársins 2003

Mikil uppsveifla var í starfi Menntaskólans á Ísafirði árið 2003 og dagskólanemendur fleiri en nokkru sinni fyrr. Rekstrarskilyrði skólans voru hinsvegar kröpp -- líkt og árið áður – en með uppgjöri vegna nemendafjölda í ársbyrjun 2004 náðist þó viðunandi rekstrarniðurstaða m.v. áramót. Aldrei hefur náðst jafn mikil nýting kennsluhópa og kennsluhúsnæðis, eins og nánar verður rakið síðar.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því draga úr brottfalli nemenda með ýmsum aðgerðum, m.a. aukinni umsjón með nemendum, eftirfylgni við mætingar og heimanám og breyttum reglum um námsmat. Hefur merkjanlegur árangur náðst í þeirri viðleitni, þar eð prófgengi nemenda hefur aukist úr 82% haustið 2001 í 95,7% haustið 2003.

Sjálfsmats og stefnumótunarvinna hefur haldið áfram árið 2003. Sjálfsmatsnefnd skólans hefur samið verkáætlun 2003-2004 sem send hefur verið ráðuneytinu og skýrsla verður birt í sumar. Þá er þessar vikurnar verið að vinna að samhæfðu árangursmati fyrir skólann.

Vel hefur gengið að fjölga réttindakennurum við skólann. Þeir eru nú um 75% af kennslukrafti skólans en voru um 30% fyrir 2 ½ ári.

Námsframboð og nýjungar

Á síðasta ári voru lögð drög að því að bjóða fram nám fyrir nýbúa við Menntaskólann á Ísafirði. Ráðuneytið styrkti áform skólans með 400 þús. kr. fjárveitingu s.l. haust og þá var ráðinn verkefnisstjóri til þess að undirbúa hið nýja námsframboð. Ákveðið var að bjóða námið fram á forsendum almennrar námsbrautar, sem leið-3, þar eð því er ætlað að undirbúa nemendur af erlendum uppruna fyrir almennt framhaldsskólanám. Valdimar J. Halldórsson mannfræðingur var í framhaldi af því ráðinn sem verkefnisstjóri í septemberbyrjun.

Haldinn var kynningarfundur með nýbúum í október og sóttu hann um 50 manns, bæði fullorðnir og unglingar – allt vinnandi fólk. Samkvæmt forkönnun sem framkvæmd var á staðnum höfðu 48 hug á að sækja um námi ð, og að grundvöllur væri fyrir kennslu 5 áfanga á vorönn, íslensku fyrir byrjendur, íslensku fyrir lengra komna, ensku, samfélagsfræði og tölvunotkun. Sama athugun leiddi einnig í ljós að kennsla þyrfti að fara fram utan dagvinnumarka, þ.e. í kvöldskóla, ef námsframboðið ætti að nýtast markhópnum. Verkalýðsfélagið á staðnum lýsti sig reiðubúið til þess að niðurgreiða innritunargjöldin yrði námið boðið í öldungadeild, og sú varð niðurstaðan. Stöðupróf í íslensku voru haldin 4. desember og nýbúanáminu var hrundið af stað í ársbyrjun 2004 með 36 nemendum sem allir voru skráðir í 3 eða fleiri áfanga.

Grunndeild tréiðna var starfrækt á vorönn 2003, en við upphaf yfirstandandi skólaárs þótti ljóst að ekki yrði unnt að halda henni gangandi að óbreyttu, þar eð einungis 4 nemendur sóttu um. Var leiguhúsnaði tréiðndeildar í Bolungarvík því sagt upp frá s.l. hausti. Hinsvegar tók skólinn upp áfangann VTG, grunnnám byggingargreina, og var aðsókn að honum góð.

Brautskráningar og kennslumagn

Alls útskrifuðust 35 stúdentar og 24 nemendur af starfstengdum brautum árið 2003 (sjá fskj. 5). Prófgengi var með besta móti, af 318 dagskólanemum gengu 309 til prófs á vorönn (97%) en 315 af 329 á haustönn (95,7%).

Árið 2003 voru kenndar 702 vikustundir á vorönn og 706 vikustundir á haustönn, þar með eru taldar sérkennslustundir (Ísafjörður, Hólmavík, Patreksfjörður) og kvöldskóli.

	Vor 2003	haust 2003
Dagskóli, Ísaf.	544	572
Öldungadeild/Meistaránám	64	62
Sérkennsla, Ísaf., Hólmav., Patreksfj.	94	72
	702	706
Liðveisla	8	25

11 nemendur hafa verið við nám á starfsbraut árið 2003, ýmist við nám á Ísafirði, Hólmavík eða Patreksfirði. Fjórir þeirra voru útskrifaðir vorið 2003, s.l. haust battist einn nemandi við á starfsbraut-3 og eru nú 7 starfsbrautarnemendur við skólann.

Flestir nemenda hafa komið inn á brautina eftir beinum upplýsingum frá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum, en allir eiga þeir við mismikla námsörðugleika að stríða.

Heimavist og mótuneyti

Árið 2003 bjuggu að jafnaði 25 nemendur á heimavistinni. Auk þess hafa fjögur heimavistarherbergi í einbýlingsálmú verið leigð kennurum, en fjögur herbergi að auki verið útbúin sem vinnuástaða fyrir kennara. Húsakynni heimvistar eru því vel nýtt þetta árið (78% nýting).

Rekstur heimavistar Menntaskólans á Ísafirði 2003

Tekjur	Leiga		
Hótel Ísafj., sumarhótel	1.012.014		
Starfsmannaíbúðir, húsaleiga	578.930		
Heimavistargjöld nemenda	672.000		
	2.262.944		
Gjöld	Leiga	Orka	Laun
Húsaleiga til FER	4.500.000		
Hiti		1.427.567	
Rafmagn		1.421.129	
Ræsting			1.527.244
Vistarvarsla			593.760
Helgar- og næturvarsla			207.600
	4.500.000	2.848.696	2.328.604
Gjöld	9.677.300		
Tekjur	-2.262.944		
Samt.rekstrarkostn	7.414.356		

Rekstur mótuneytis er í höndum sjálfstæðs rekstraraðila sem stendur undir hráefniskaupum og launakostnaði.

Starfsmannahald

Alls voru um 52 starfsmenn skráðir í störfum við Menntaskólann á Ísafirði árið 2003. Þar af voru 28 manns í heilum stöðum við stjórnunar- og kennslustörf. Kennarar voru 24 í heilum stöðum, auk 10 stundakennara. Hlutfall stundakennara og leiðbeinenda

hefur lækkað umtalsvert á undanförunum misserum. M á þakka það annarsvegar kjarasamningum, hinsvegar áherslu skólastjórnenda á að hvetja leiðbeinendur við skólann til kennsluréttindanáms. Sú viðleitni hefur borið þann árangur að hlutfall réttindakennara við skólann hefur snúist við frá haustinu 2001, og er nú 75%.

Sjálfsmat, stefnumótun og námskrárvinna

Sjálfsmats- og stefnumótunarstarf er í stöðugri þróun innan skólans. Öllu starfsfólki er gefinn kostur á að koma að stefnumótunarstarfinu með reglulegum hætti, á sérstökum starfsdögum sem skólinn skipuleggur um markmiðssetningu skólans, þar sem metinn er sá árangur sem náðst hefur og sett ný markmið til framtíðar (einu sinni á ári). Hingað til hefur þyngsta áherslan verið lögð á að minnka brottfall í skólanum með sértækum aðgerðum, þ.e. aukinni umsjón, eftirfylgni við heimanám, umbun fyrir góða mætingu o.fl..

Sjálfsmatsnefnd skólans hefur samið verkáætlun fyrir árin 2003-2004 sem send hefur verið ráðuneytinu og skýrsla verður birt í sumar. Þá er þessar vikurnar verið að vinna að samhæfðu árangursmati fyrir skólann með þátttöku fulltrúa frá kennurum, nemendum, bæjarstjórn, atvinnulífi og grunnskóla undir stjórn sérstaks verkefnishóps sem hefur umsjón með starfinu í samstarfi við skólastjórnendur.

Áfangalýsingar hafa verið endurskoðaðar fyrir námsskrá skólans og heimasíðu í samræmi við nýja *Aðalnámsskrá*. Endurskipulagningu námsbrauta er lokið og ný skólanámsskrá hefur verið sett inn á heimasíðu skólans.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Árið 2003 tók skólinn þátt í nemendaskiptum við Kippan Gymnasiskole í Svíþjóð. Verkefnið var styrkt af Vestnord. Þá var áfram haldið þátttöku í samstarfsverkefni framhaldsskóla í mörgum Evrópulöndum um heilsueflingu í skólum. Sem stendur er Menntaskólinn á Ísafirði nú eini menntaskólinn í landinu sem hefur sett sér að fylgja markmiðum Evrópuráðsins og Evrópusambandsins um heilsu eflandi framhaldsskóla.

Nýbúanámi var komið á laggirnar við skólann – eins og áður er nefnt – og var það spennandi tilraunaverkefni sem vonandi gefur góða raun.

Félagslíf og forvarnir

Félags- og forvarnarfulltrúi skólans hefur gengist fyrir sérstöku *heilsu- og forvarnarátaki* og haft forystu um íþróttabátttöku nemenda með ýmiskonar íþróttavali. Þá hafa nemendur gengist fyrir ýmsum menningarviðburðum á vegum skólans, upplestrum, söng og skemmtun af ýmsu tagi. Hin árlega *Sólrisuhátíð* fór fram með ágætum. Á sal skólans hafa auk þess verið ýmsar uppákomur til fróðleiks og skemmtunar, haldnir hafa verið fundir um umferðar- og fíkniefnaforvarnir, hingað hafa komið tónlistarmenn auk þess sem nemendur hafa sjálfir brugðið á leik með söng, tískusýningum og dansi.

Fjárhagur skólans

Skólinn hóf rekstrarárið 2003 með 4,9 mkr. rekstrarhalla frá árinu á undan og fjárhagsrammi skólans var þröngur. Eins og ráðuneytinu var gerð grein fyrir á fyrri hluta ársins vantaði skólann um 19,5 mkr. inn í rekstrarforsendur ársins eins og þær voru skilgreindar í gögnum til fjárlaga 2003. Með ströngu rekstraraðhaldi tókst að halda rekstrarniðurstöðunni innan fjárheimilda um síðustu áramót, eftir að gert hafði verið upp við skólann vegna nemendafjölda ársins.

Af fjárlögum 2004 er ljóst að enn er um örðugan garð að gresja. Í fjárlagafrumvarpi 2004 er gert ráð fyrir að skólinn hafi 265 nemendaígildi – en í skólasamningi er skólanum heimilað að taka við allt að 280 ígildum á þessu ári. Nú þegar eru innrituð nemendaígildi 316. Af þessu má ljóst vera að inn í fjárlagatöluna til skólans 2004 vantar 30,8 mkr., en sé miðað við hámarksfjölda þann sem ráðuneytið er reiðubúið að samþykkja, vantar fjárveitingu með 36 nemendum inn í rekstrarforsendur skólans, eða **21,7 mkr.** miðað við uppgæfnar forsendur reiknilíkans (605 þús. kr./nemanda)

Um horfur ársins 2004

Þar eð skólasamningurinn er hinn eiginlegi rammi utan um starf skólans á hverjum tíma er brýnt að í forsendum hans, sem og í “reiknilíkaninu” svokallaða sé gert ráð fyrir þeim breytingum sem eru að verða í starfsumhverfi skólans. Sókn að dagskólanum hefur aukist mjög undanfarin 3 ár, eða u.þ.b. 25%. Þannig voru skráðir 245 dagskólanemendur á vorönn 2001 en haustið 2003 voru þeir orðnir 329. Brýnt er að tekið verði tilliti þessarar nemendafjölgunar við úthlutun fjármagns til skólans. Menntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn í Vestfirðingafjórðungi, en í fjórðungnum búa um 500 manns á framhaldsskólaaldri. Ljóst er að skólinn þarf að fá aukið svigrúm til þess að þjóna þessum hópi. Sú tilhögun að meta fermetrafjölda

húsnæðis í reiknilíkani í samhengi við nemendafjölda (svokallaðir “reiknaðir fermetrar”) hefur óhagraði í för með sér fyrir skólann. Rekstrarkostnaður húsnæðis, t.d. rafmagns og ræstingarkostnaður, breytist ekki með nemendatölum, nema breytingar séu miklar. Því verður ekki betur séð en að rekstrarþörf skólans sé verulega vanmetin í fjárlögum 2004. Það skýrist af (1) fjölgun nemenda og (2) fjölgun réttindakennara við skólann (en þeir voru 11 af 27 haustið 2001, eru núna 22 af 29 stöðugildum). Ljóst er af ofansögðu að launakostnaður þessa árs getur ekki orðið minni en síðasta árs, jafnvel þó að ekki kæmu til ný verkefni.

Að sama skapi er brýnt að tekið verði tillit til þess í fjárveitingum til skólans að ýmsir kostnaðarliðir hafa hækkað verulega á undanförunum misserum vegna ákvarðana sem teknar hafa verið í ráðuneytinu. Nægir þar að nefna verulega hækkun húsnæðiskostnaðar eftir að samið var við Fasteignir ríkissjóðs um yfirtöku viðhalds á skólaláshúsnæði (leigugreiðslur til FER voru um 18 mkr. árið 2003, 16,2 mkr. árið 2002 en 6 mkr. árin 2001 og 2000). Einnig má nefna FS-háhraðanetið, sem útlit er fyrir að muni hækka kostnað skólans vegna gagnaflutninga og nettenginga verulega, þó svo að afsláttur hafi verið gefinn af gjaldtökunni árið 2003.

Það er mikið hagsmunamál fyrir skólann að litið verði til sérstöðu þess svæðis sem hann þjónar, að hann fái það svigrúm sem hann þarfnast til þess að þjóna og mennta fólk í Vestfirðingafjórðungi. Eins og sakir standa þyrfti að auka fjárframlög til skólans um a.m.k. fjórðung frá því sem nú er til þess að hann hafi eðlilegar forsendur til þess að svara kalli tímans.

Ísafirði 10. febrúar 2003

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari

Skýrslu þessari fylgir ársáætlun ársins 2004

Ejarpörf ársins 2004

Rekstraráætlun þessa árs er unnin á grundvelli fjárhaldsupplýsinga úr bókhaldskerfi skólans fyrir árið 2003 eftir að nemendafjöldi síðasta árs hefur verið gerður upp við skólann.

Um verkefni þau sem framundan eru, og ráðuneytið samþykkir fyrir sitt leyti, vísast til skólasamnings 2004-2005 sem nú er unnið að. Þær upplýsingar sem gefnar eru í áætluninni taka mið af því að áætlun um nemendafjölda ársins fáist le iðrétt, eins og skólinn hefur óskað eftir.

Greinargerð með ársáætlun 2004

Tekjur

Útlit er fyrir að sértekjur skólans aukist nokkuð árið 2004. Veldur þar mestu að nýr samningur er nú í burðarliðnum um rekstur sumarhótelis í heimavist skólans til 7 ára, og er hann hagstæðari en sá fyrri. Nýting á heimavist hefur mikið batnað undanfarin misseri. Nú er meðalnýtingin á vistinni 23-25 nemendur á önn. Heimavistargjöld voru hækkuð við upphaf haustannar 2003 úr 12.000 kr. í 16.000 kr. sem þýðir að sértekjur skólans vegna heimavistarinnar jukust úr 276.000 kr. í 672.000 kr. Á haustönn 2004 er ætlunin að breyta fyrirkomulagi heimavistargjalda þannig að þau gefi meiri tekjur en verið hefur (1,3 mkr.). Sú fjölgun sem orðið hefur á heimavistinni virðist stöðug en erfitt er að segja til um hvort hún verður viðvarandi. Rekstur mótuneytis er í höndum sjálfstæðs rekstraraðila hvað varðar launakostnað og hráefniskaup. Skólinn stendur eftir sem áður straum af orkukostnaði og húsaleigu mótuneytis.

Nýjungar og kostnaðarauki á árinu 2004

Nýbúanám á almennri braut hóf göngu sína um síðustu áramót, kostnaður nemur 1 – 2 stöðugildum yfir árið.

Fyrirhugað er að taka upp **bóklegan hluta félagsliðanáms** (svokallaða félagsliðabré) fyrir fullorðna starfsmenn í félagsliðastörfum haustið 2004. Kostnaður vegna námsins verður óverulegur þar eð bóklegi hlutinn felur að mestu saman við það námsframboð sem fyrir er í skólanum.

Að framansögðu má því ljóst vera að fyrirsjáanleg útgjöld skólans munu aukast um 3 – 4 mkr. vegna þeirra áforma sem á döfinni eru:

Hækkandi húsnæðiskostnaður

Áður en Fasteignir ríkissjóðs tóku yfir viðhald á húsnæði framhaldsskólanna greiddi Menntaskólinn á Ísafirði 6 mkr. í árlega húsaleigu til ríkisins (árin 2000 og 2001). Árið 2002 var upphæðin orðin 1 6,3 mkr. og um 18 mkr. árið 2003. Segir sig sjálft að ríflega 12 mkr. kostnaðaraukning á tveimur árum vegur þungt í rekstrarkostnaði stofnunar sem hefur um 165 mkr. heildarfjárveitingu.